



Leik- og grunnskóli Hvalfjarðarsveitar

Starfsáætlun Skýjaborgar 2018-2019

Eyrún Jóna Reynisdóttir

Ágúst 2018

Efnisyfirlit

1. INNGANGUR	3
2. SKÓLINN	3
2.1 FORFÖLL OG OPNUNARTÍMI	3
2.2 SKÓLAHÚSNÆÐI, ÁKVÖRÐUN UM BARNAFJÖLDA	4
2.3 BARNAHÓPURINN	4
3. STARFSFÓLK	4
4. SKÓLADAGATAL SKÝJABORGAR 2018-2019	5
4.1 LEYFISDAGAR	6
4.2 SKIPULAGSDAGAR	6
5. ÁHERSLUR Í LEIKSKÓLASTARFINU	6
6. DAGAR OG VIÐBURÐIR Í SKÝJABORG 2018-2019	7
7. MAT Á SKÓLASTARFI 2017-2018	9
7.1 BARNIÐ Í BRENNIDEPLI	9
7.1.1 Árangursvísir 4.1 Samræmt uppeldisstarf	10
7.1.2 Árangursvísir 4.2 Samræmi uppeldis og menntunar	10
7.1.3 Árangursvísir 4.3 Stuðningur í uppeldi og námi	11
7.2 STARFSMANNASAMTÖL	11
7.3 MAT Á NÁMI OG VELFERÐ BARNA	12
7.3.1 Nám og þroski barna metin	12
7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra	13
7.4 GRÆNFÁNAVERKEFNI	13
7.5 MAT Á SKÓLAÁRINU 2017-2018	15
7.6 AÐRIR MATSPÆTTIR	15
8. UMBÓTAÁÆTLUN 2018-2019	17
9. SJÁLFSMATSÁÆTLUN FYRIR SKÓLAÁRIÐ 2018-2019	18
10. SÍMENNTUNARÁÆTLUN 2018-2019	20

1. Inngangur

Samkvæmt 14. gr. laga um leikskóla nr. 90/2008 ber hverjum leikskóla að gefa út starfsáætlun árlega sem gerir grein fyrir starfsemi leikskóla hvert skólaár. Starfsáætlun skal staðfest af nefnd sveitarfélagsins skv. 2. mgr. 4. gr., að fenginni umsögn foreldraráðs, og skal hún kynnt foreldrum. Foreldraráð leikskóla og skólaráð grunnskóla í Hvalfjarðarsveit er sameinað í eitt ráð sem heitir skólaráð.

Samkvæmt aðalnámskrá gera leikskólar starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólalagd hvers leikskóla. Þar geta einnig komið fram helstu áherslur í foreldrasamstarfi, innra mati, tengslum leikskóla og grunnskóla, stoðþjónustu og fyrirkomulagi öryggis- og slysavarnamála eftir því sem við á. Áætlunin er unnin í nánú samstarfi við leikskólakennara, annað starfsfólk, börn og foreldra. Unnt er að vinna starfsáætlun þannig að starfsemi síðasta skólaárs sé metin við gerð hennar. Þannig gefst tækifæri til að ræða árlega þá þætti sem þessir aðilar telja mikilvæga og eru ánægðir með og jafnframt þá þætti sem þeir telja að megi bæta.

Tilgangur með starfsáætlun er að gera skólaþróun leikskólans markvissara með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðsta ári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

2. Skólinn

Skýjaborg er leikskólasvið Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar.

Heimilisfang: Innrimelur 1, 301 Akranes

Símanúmer leikskólans: 433 8530

Starfandi leikskólastjóri: Eyrún Jóna Reynisdóttir

Netfang: eyrun.jona.reynisdottir@hvalfjardarsveit.is

Heimasíða skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is>

2.1 Forföll og opnunartími

Foreldrar/forráðamenn tilkynna forföll barna í síma 433 8530 eða á netfangið eyrun.jona.reynisdottir@hvalfjardarsveit.is. Einnig geta foreldrar frá og með miðjum september skráð sjálfir forföll inn í Karellen appið, en þá er mikilvægt að foreldrar sendi einnig skilaboð innan Karellen svo starfsfólk viti hver skráir barnið fjarverandi.

Opnunartími leikskólans er frá 7:30-17:00.

2.2 Skólahúsnæði, ákvörðun um barnafjölda

Leikskólastjóri, að höfðu samráði við sveitarstjórn eða nefnd sveitarfélags sem fer með málefni leikskóla í sveitarfélaginu, sbr. 2. mgr. 4. gr. laga nr. 90/2008 um leikskóla og starfsfólk leikskóla, tekur ákvörðun um fjölda barna í leikskóla hverju sinni. Ákvörðun um fjölda barna og skipulag skólustarfs skal taka mið af samsetningu barnahópsins, dvalartíma barna dag hvern, aldri þeirra og þörfum, samsetningu starfsmannahóps og umfangi sérfræðipjónustu.

Áætlaður fjöldi barna í Skýjaborg er 40 börn skv. Verklagsreglum fyrir leikskóla Hvalfjarðarsveitar.

2.3 Barnahópurinn

Barnafjöldinn verður eftirfarandi haustið 2018 (upplýsingar júní 2018). Aðeins hefur verið um breytingar á miðju skólaári á fjölda barna og þeim yfirleitt fjölgað eftir því sem líður á veturinn. Nú er t.d. vitað um eitt barn sem mun byrja eftir næstu áramót.

Börn fædd árið 2013	6
Börn fædd árið 2014	10
Börn fædd árið 2015	11
Börn fædd árið 2016	5
Börn fædd árið 2017	6
Alls	37

Gert er ráð fyrir 0,25 stöðugildi vegna tveggja tvítyngdra barna. Reiknað skv. samþykktum verklagsreglum.

3. Starfsfólk

Starfsmenn skólaárið 2018-2019 eru:

Starfsmenn:	Starfsheiti:	Starfshlutfall:
Aurelia Solovei	Leiðbeinandi	100%
Agnieszka Aurelia Korpak	Leiðbeinandi/leikskólakennaranemi	50% (0%)
Eyrún Jóna Reynisdóttir	Leikskólastjóri	100%
Guðbjörg Benjamínsdóttir	Matráður	100%
Guðmunda Júlía Valdimarsdóttir	aðstoðarleikskólastjóri/ deildarstjóri	100%
Guðný Kristín Guðnadóttir	Leiðbeinandi/grunnskólakennaranemi	100%
Guðrún Magnúsdóttir	Leiðbeinandi	57%
Ingibjörg Unnur Sigmundsdóttir	Leiðbeinandi/félagsfræðinemi	100%
Íris Tinna Ingólfssdóttir	Iðjuþjálfari	80%
Kristín Ása Hjálmsdóttir	Leiðbeinandi	100% (50%)
Magnea Sigríður Guttormsdóttir	Deildarstjóri (í veikindaleyfi)	0% (90%)

Ólög Guðmundsdóttir	Sérkennari	20%
Ragna Ívarsdóttir	Leiðbeinandi og aðstoðarmatráður	72,7 og 14,3%
Sigurbjörg Friðriksdóttir	Deildarstjóri	100%
Unnur Tedda Þorgrímsdóttir	Leiðbeinandi	100%
Þórdís Þórisdóttir	Leikskólakennari	20%
	Stöðugildi samtals	11,44

Kristín Ása kemur úr fæðingarorlofi í 50% vinnu 1. okt og fer í 100% eftir áramót. Agnieszka er í 50% vinnu fram að áramótum.

Stöðugildi í Skýjaborg reiknast eftirfarandi skólaárið 2018-2019:

Stjórnun	1,1
Eldhús	1
Grunnstöðugildi	6,413
Sérkennsla	0,25
Afleysing v. undirbúnings	0,663
Afleysing 8,33%	0,73
Stytting vinnuvikunnar	1,284
ALLS	11,44

4. Skóladagatal Skýjaborgar 2018-2019

Skóladagatal er útfært árlega samkvæmt lögum. Að þeirri vinnu kemur allt starfsfólk skólans, foreldrafélagið, skólaráð og Fræðslunefnd sem samþykkir dagatalið. Samkvæmt verklagsreglum leikskóla Hvalfjarðarsveitar skal leggja fram skóladagatal og samþykkja með því lokanir á stórhátíðardögum og skipulags- og fundardögum. Lokað er aðfangadag og gamlársgangur. Leikskólagjöld eru ekki frádregin þessa daga.

Skóladagatöl leik- og grunnskóla hafa verið samræmd eins og kostur er til að koma til móts við foreldra sem eiga börn á báðum skólastigum.

AGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRÍL	MAÍ	JÚNÍ	JÚLÍ
1. A	1. S	1. F	1. F	1. F	1. F	1. F	1. F	1. F	1. F	1. F	1. F
2. F	2. S	2. F	2. F	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S	2. S
3. F	3. M	3. M	3. M	3. M	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F	3. F
4. F	4. P	4. F	4. S	4. P	4. F	4. M	4. M	4. F	4. P	4. F	4. F
5. S	5. M	5. F	5. M	5. S	5. A	5. P	5. P	5. S	5. M	5. F	5. F
6. M	6. F	6. S	6. P	6. F	6. S	6. M	6. M	6. S	6. F	6. F	6. F
7. P	7. F	7. S	7. M	7. F	7. M	7. F	7. F	7. S	7. F	7. S	7. S
8. M	8. L	8. M	8. F	8. L	8. S	8. P	8. F	8. M	8. L	8. M	8. M
9. F	9. S	9. M	9. F	9. S	9. M	9. L	9. L	9. F	9. S	9. F	9. P
10. F	10. M	10. M	10. M	10. M	10. F	10. S	10. S	10. M	10. F	10. M	10. M
11. A	11. P	11. F	11. S	11. P	11. F	11. M	11. M	11. F	11. A	11. P	11. F
12. M	12. M	12. F	12. M	12. M	12. A	12. P	12. P	12. S	12. M	12. M	12. F
13. M	13. F	13. A	13. P	13. F	13. S	13. M	13. M	13. F	13. A	13. P	13. A
14. F	14. F	14. S	14. M	14. M	14. F	14. M	14. F	14. S	14. P	14. F	14. S
15. M	15. F	15. M	15. F	15. L	15. P	15. F	15. F	15. M	15. M	15. L	15. M
16. F	16. S	16. M	16. F	16. S	16. M	16. L	16. L	16. P	16. F	16. S	16. P
17. F	17. M	17. M	17. F	17. M	17. F	17. S	17. S	17. M	17. F	17. M	17. M
18. A	18. P	18. F	18. S	18. P	18. F	18. M	18. M	18. F	18. A	18. P	18. F
19. S	19. M	19. M	19. F	19. M	19. S	19. P	19. P	19. S	19. M	19. M	19. F
20. M	20. F	20. A	20. P	20. F	20. M	20. L	20. L	20. M	20. F	20. M	20. A
21. P	21. F	21. M	21. F	21. M	21. F	21. S	21. S	21. P	21. M	21. F	21. S
22. M	22. A	22. M	22. F	22. L	22. P	22. F	22. F	22. M	22. A	22. M	22. M
23. F	23. S	23. P	23. F	23. M	23. A	23. L	23. L	23. P	23. F	23. M	23. P
24. F	24. M	24. M	24. L	24. M	24. F	24. M	24. M	24. F	24. A	24. M	24. M
25. L	25. P	25. F	25. S	25. P	25. M	25. M	25. M	25. F	25. L	25. P	25. F
26. R	26. M	26. F	26. M	26. F	26. L	26. P	26. P	26. M	26. S	26. M	26. F
27. M	27. F	27. S	27. M	27. F	27. S	27. M	27. M	27. F	27. A	27. F	27. L
28. P	28. M	28. M	28. F	28. M	28. F	28. P	28. P	28. M	28. S	28. M	28. S
29. M	29. L	29. M	29. F	29. S	29. P	29. M	29. M	29. F	29. A	29. M	29. M
30. F	30. S	30. P	30. F	30. M	30. A	30. L	30. L	30. P	30. F	30. M	30. P
31. F		31. M		31. F					31. F		31. M

4.1 Leyfis dagar

Sumarfrí 20 virkir dagar frá og með 8. Júlí til og með 2. ágúst 2019.

4.2 Skipulags dagar

Starfsdagar skólaársins 2017-2018 verða 6 talsins, 5 heilir og 2 hálfir.

Sameiginlegur skipulagsdagur **15. ágúst** (miðvikudagur): Námskeið í skyndihjálp. Hópefli.

Skipulagsdagur **14. september** (föstudagur): Starfsmannafundur. Undirbúningur vetrarstarfs.

Hálfur skipulagsdagur **17. október** (miðvikudagur), frá kl. 12:00: Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.

Skipulagsdagur **2. janúar** (miðvikudagur): Starfsmannafundur. Námskeið.

Hálfur skipulagsdagur **27. febrúar** (miðvikudagur), frá kl. 12:00: Starfsmannafundur.

Skipulagsdagur **21. mars** (fimmtudagur): Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl. Starfsmannafundur. Námskeið?

Skipulagsdagur **17. apríl** (miðvikudagur): Mat á skólastarfi.

5. Áherslur í leikskólastarfinu

Í skólanámskrá má finna þær áherslur sem skólinn setur sér, markmið og þær leiðir sem farnar eru til að ná markmiðunum. Skólanámskrána má finna á heimasíðu skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/skólanámskrá>. Deildarnámskrár Regnbogans og Dropans eru svo ítarlegri og sína þau markmið og leiðir sem farnar eru á hvorri deild fyrir sig. Þær uppfærðar í júní ár hvert. Finna má deildarnámskrár á heimasíðu skólans: <http://skoli.hvalfjardarsveit.is.b400.opex.is/content/deildir-leikskólans-0>.

6. Dagar og viðburðir í Skýjaborg 2018-2019

Dagur læsis 8. september (haldinn föstudaginn 7. september): Óákveðið hvað gera skal.

Dagur íslenskrar náttúru 16. september (haldinn mánudaginn 17. september): Njóta náttúrunnar í nágrenni leikskólans. Möguleiki að fara í vettvangsferð með nesti.

Umferðarvika 15.-19. október: Umferðarvika að hausti.

Alþjóðlegi bangsadagurinn 27. október (haldinn föstudaginn 26. október): Þá mega börnin koma með bangsa í leikskólann og í náttfötum.

Foreldraviðtöl: Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári. Ein vika í október og ein í mars. Í októbertíðunum er farið yfir vetrarstarf á deildunum.

Bleikur dagur 12. október: Á bleika deginum sýnum við samstöðu, klæðumst bleiku og höfum bleikt í fyrirrúmi.

Dagur íslenskrar tungu 16. nóvember: Sönglög og þulur eftir íslenska höfunda kynntar börnum. 3. bekkur kemur í heimsókn og les fyrir börnin.

Fullveldisdagurinn 1. Desember (ath. laugardagur, fullveldishátíð haldin fimmtudaginn 29. nóvember): Þá eru elstu börnin með atriði með 1. bekk á Fullveldishátíð í Heiðarskóla.

Aðventa: Smákökubakstur í lok nóv/byrjun des. Þann 5. desember er áætlað foreldrakaffi sem er róleg stund með foreldrum, boðið upp á kaffi og heimabakaðar smákökur. Þann 14. desember eru áætluð litlu jólin hér í Skýjaborg. Þá hittumst við saman á Regnboganum, syngjum jólalög og dönsum í kringum jólatréð. Í hádegismatinn er hátíðarmatur. Í kringum aðventuna höfum við einnig síðustu árin fengið jólaleikrit í boði foreldrafélagsins. Lagt er upp með að aðventan sé róleg, fjarri stressi og hraða sem myndast oft í þjóðfélaginu á þessum tíma árs.

Karlakaffi: Á bónadaginn 18. janúar er öllum körlum í lífi barnanna boðið í karlakaffi.

Þorrinn: Þorrablót haldið einn á þorra. Hangikjöt, harðfiskur og þorramatssmakk. Á þorranum ætlum við að hafa einn rafmagnslausan dag.

Dagur leikskólans 6. febrúar: Í tilefni hans förum við saman í skróðgöngu um hverfið og reynum að vekja athygli út á við á leikskólastarfi.

Tannverndarvika 18.-22. febrúar: Farið er yfir mikilvægi tannverndar með börnum.

Bolludagur 4. mars: Boðið er upp á fiskibollur í hádegismatinn og rjómaþellur í kaffitíma.

Sprengidagur 5. mars: Boðið er upp á saltkjöt og baunir í hádegismatinn.

Öskudagur 6. mars: Allir mega koma í grímubúningum eða náttfötum. Þá koma allir saman á Regnboganum, kötturinn sleginn úr tunnunni (poppið úr pappakassanum) og haldið er ball.

Konukaffi 15. febrúar: Í tilefni konudags 17. febrúar er öllum konum í lífi barnanna boðið í konukaffi.

Dans: Í 5 vikur í mars og apríl er danskennari fenginn 1x í viku til að brjóta upp leikskólastarfið og kenna börnunum skemmtilega dansa.

Blár dagur í apríl: Sýnum einhverfum stuðning og samstöðu með bláum degi.

Dagur umhverfisins, 25. apríl (ath. Sumardagurinn fyrsti, finna þarf annan dag): Þá er farið út að tína rusl. Ef áhugi er fyrir hendi er gaman að búa eitthvað til úr ruslinu. Sum ár hefur verið útbúið ruslaskrímsli.

Vorskóli elstu barna: 7., 8. og 9. maí verður útskriftargangur í vorskóla í Heiðarskóla. Þá fara börnin með skólarútunni að heiman, sækja Heiðarskóla þrjá heila daga og koma ekkert í leikskólann.

Sveitaferð: Seinnipartinn í maí verður farið í hina árlegu sveitarferð að Bjarteyjarsandi.

Útskrift: Einhvern daginn í lok maí verður útskrift elstu barna, dagur auglýstur þegar nær dregur. Börnin æfa atriði og sýna, síðustu ár hafa börnin farið með þulu og sungið lag. Börnin fá svo afhent skírteyni og gjöf. Að lokum gæða allir sér á veitingum af glæsilegu hlaðborði sem fjölskyldur hjálpast við að útbúa.

Umferðarvika 27.-31. maí og hjóladagur 29. maí: Umferðarvika að vori. Eina viku í maí höldum við umferðarviku og höfum hjóladag þá vikuna.

Útskriftarferð: Einn veðurbliðan dag í júní munu börnin fara í útskriftarferð. Farið er á Akranes. Dagskrá og tímasetning auglýst þegar nær dregur.

Útidótadagur: Hefð er fyrir því að hafa útidótadag einn veðurbliðan dag í júní.

7. Mat á skólastarfi 2017-2018

Mat á skólastarfi tekur mið af markmiðum og mælikvörðum sem settir eru fram í skólastefnu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar og skólanámskrá. Árlega er sett fram matsáætlun sem tryggir mat á öllum þáttum skólastarfsins á fimm ára tímabili. Á hverju ári eru matsfundir að vori þar sem skólastarfi ársins er metið í heild og einstakir þættir þess. Við mat á skólastarfi er unnið út frá matsaðferðinni Barnið í Brennidepli sem er heildstætt matstæki.

Áherslur skólaársins í Barni í brennidepli 2017-2018 voru að meta:

- Lykilþátt 4. Alla árangursvísa.
- Lykilþátt 7. Alla árangursvísa.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Mat á námi og velferð barna
 - Kynningarvika fyrir foreldra að hausti.
 - Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
 - Ferilmappa barns.
 - Nemendaverndarráð.
 - Sérkennari – stuðningur og ráðgjöf.
 - Talmeinafræðingur – greining og þjálfun, eftirfylgni.
 - Mat barna á skólastarfinu.
- Markmið Grænfánaverkefnisins.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Starfsáætlun – yfirferð umbótaáætlunar.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd (Ytra mat).
- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd (Ytra mat).
- Umsókn um Grænfána.

7.1 Barnið í brennidepli

Leikskólinn byrjaði að nota matstækið Barnið í brennidepli skólaárið 2010-2011. Teknir eru nokkrir árangursvísar á ári og er farið á 3-5 árum yfir alla lykilþættina og árangursvísana. Þetta er þriðja árið í annarri yfirferð. Farið var alla árangursvísa í lykilþætti 4 en tekin var ákvörðun að bíða með lykilþátt 7 þangað til á næsta skólaári. Lykilþáttur 7 snýr að stjórnun og vildum við fá meiri reynslu á breytt skipurit áður farið var í meta stjórnunina.

7.1.1 Árangursvísir 4.1 Samræmt uppeldisstarf

Starfsfólk og stjórnendur hafa skilning á hlutverki sínu til barnaverndar og þeirri ábyrgð sem þeir hafa á verndun barna frá skaða, misnotkun og vanrækslu. Það veit að það á að tilkynna til barnaverndar ef grunur leikur á að börn að verið sé að skaða þau á einhvern hátt, misnota eða vanrækt. Starfsfólki vantar hins vegar upplýsingar um tilkynningarskyldu og skýrar leiðir til að fara ef grunur vaknar. Leikskólastjóri er með á hreinu að allar tilkynningar koma frá honum og ef grunur vaknar hjá starfsfólki komi það þeim upplýsingum til hans. Stjórnendur og starfsfólk er sammála um á að þörf sé á fræðslu og ráðgjöf í barnaverndarmálum. Starfsfólk og stjórnendur eru meðvitaðir um nauðsyn þess að vera vakandi fyrir heilsu og öryggi barna.

Stjórnendur og starfsfólk er meðvitað um heilsu og öryggi barna. Börnum eru kennd gildi hreinlætis með myndum og í verki. Börnin eru frædd um hollt mataræði við matarborðið og í daglegu starfi. Mikið er rætt um mikilvægi þess að borða grænmeti og ávexti. Settar eru persónulegar öryggisreglur fyrir börn með matarofnæmi og óþol. Þó hefur komið upp að gleymst hefur að segja nýju starfsfólki frá óþoli barns en komst það upp áður en barnið fékk að borða, svo þörf er á að hafa myndræn skilaboð um óþol á veggjum við matborð barnanna.

Til úrbóta: Fá fræðslu um barnavernd og tilkynningarskyldu fyrir starfsfólk. Hafa myndræn skilaboð um óþol/ofnæmi á veggjum.

7.1.2 Árangursvísir 4.2 Samræmi uppeldis og menntunar

Dagskipulag gengur smurt og er í jafnvægi þegar allt starfsfólk er í húsi og brugðist er við þegar er undirmannað. Dagskipulagið veitir börnum tækifæri til að vera frjáls, athafnasöm og virk. Þau fá sitt svigrúm og frjálst val í leik inni og úti. Börnin á Dropanum hvílast eins og þau þurfa. Á Regnboganum er róleg stund með lestri eftir hádegismat og þau börn sem þurfa svefn fá að sofa.

Boðið er upp á hollt fæði. Starfsfólk vill sjá meira úrval af grænmeti og ávöxtum, sérstaklega ferskt grænmeti þar sem börnin virðast oft hrifnara af því og minnka niðursuðuvörur enn frekar. Sumir vilja sleppa rúsínum á morgnana og er verið að horfa þar í tannheilsu. Skoða þarf föstudagana, oft er mikið brauðát þann daginn.

Skólanámskrá og deildarnámskrár eru aðgengilegar á heimasíðu og samskrá. Deildarnámskrár eru einnig útprentaðar inni á deildum. Starfsfólk fær senda linka á haustin eða 1x á ári. Þegar starfsfólk byrjar fær það einnig upplýsingar hvar það getur lesið og helstu upplýsingar eru kynntar munnlega af yfirmanni. Þegar starfsfólk byrjar fær það sent skólanámskrá, handbók starfsmanna, deildarnámskrá og samtal/kynningu hjá deildarstjóra þar sem farið er yfir helstu upplýsingar um daglegt starf, bakgrunn og námsgögn. Svo er lagt upp með gott upplýsingaflæði og brugðist við þegar nýtt starfsfólk rekst á hlutina og það upplýst ef ekki var búið að fara yfir. Eftir c. 1 mánuð fær það svo fund með leikskólastjóra sem það getur spurt ef eitthvað er óljóst og farið yfir hvort einhverjar upplýsingar vantar.

Til úrbóta: Auka úrval af grænmeti og ávöxtum, sérstaklega ferskt grænmeti. Minnka niðursuðuvörur. Skoða næringu föstudaga.

7.1.3 Árangursvísir 4.3 Stuðningur í uppeldi og námi

Starfsfólk er sammála um að allir séu meðvitaðir um þörf og mjög vel staðið að stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra, brugðist er við minnstu áhyggjum og nánu og góðu samstarfi viðhaldið. Tekið er tillit til aðstæðna barna og fjölskyldna og stutt við foreldra við uppeldi og nám barnanna og veitt ráðgjöf þegar við á.

Til að greina börn sem þurfa á viðbótarstuðningi að halda í uppeldi og námi er stuðst við almennt þroskamat frá 3 ára aldri, TRAS – skráning á málþroska barna frá 2 ára aldri, hljóm-2 próf hjá elsta árgangi. Tilfinning og reynsla hvetur starfsfólk áfram. Við leggjum upp með að láta börn ekki njóta vafans, heldur skoða strax því þá er vandamálið minna og auðveldara að grípa inn í. Ef áhyggjur vakna eru þær ræddar og komið áfram til leikskólastjóra og sérkennara sem sækja sérfræðipjónustu. Stuðningur er skipulagður út frá hverju barni, gerðar einstaklingsnámskrár og þeim fylgt eftir.

Skoðaðar eru framfarir eftir hverja önn eða oftár hjá sérkennara, talmeinafræðingi og stuðningsfulltrúa og markmið endurmetin eftir árangri. Leikskólinn hefur góða sérfræðipjónustu í samvinnu við skólasálfræðing, talmeinafræðing og heilsugæslu.

Til úrbóta: Í lagi.

7.2 Starfsmannasamtöl

Starfsmannasamtöl fóru fram á tímabilinu 22. febrúar – 11. apríl 2018. Fyrirkomulag samtalanna var með þeim hætti að skólastjórar ræddu við hvern og einn starfsmann á sínu sviði út frá viðtalsramma sem fylgir í viðauka í Ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjaraðrsveitar 2017-2018. Tölulegar niðurstöður starfsmannasamtala má finna í ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjaraðrsveitar 2017-2018.

Tækifæri til úrbóta í Skýjaborg:

- Starfsfólk sé með börnum í leik á gólfi jafnt sem á borðum.
- Láta börnin aldrei finna fyrir því að þeim vanti aukaföt/útiföt. Ræða beint við foreldra.
- Kjarasamningar kynning.
- Kynning á opnum efnivið.
- Leiðbeinendur – fá smá undirbúning ef þeir eru með hóp.
- Listnámskeið – sem tengist náttúru og endurnýtingu.
- Starfsmannagleði – hittast meira utan vinnutíma.
- Fræðsla um þroskaskeið ungra barna / Fræðsla um leikskólakennarastarfið.
- Starfsfólk fái handbók starfsmanna, allar áætlanir og starfslýsingar sent 1x á ári (Er gert að hausti, en e.t.v. ekki allar áætlanir).
- Aðlögun barna á miðjum vetri – skoða vel starfsmannastöðu fram í tímann.
- Töluleg einkunn í starfsmannasamtölum – óþarfi?
- Undirbúningur hópastarfs – hafa klárt fyrir afleysingu.

Eftirfarandi á viðhaldsþarfarlista:

- Vaskur í hæð fullorðinna inn á Regnboga-salerni.

- Tvö mjög völt borð (eitt á hvorri deild). Skipta þeim út.
- Ný eldavél (á viðhaldsáætlun f. 2018).
- Stærri hrærivél.

Niðurstöðurnar eru unnar áfram í umbótaáætlun skólans fyrir næsta skólaár sem má finna hér aftar.

Síðustu tvö skólaár hafa deildarstjórar tekið svokölluð leiðbeiningasamtöl í desember við starfsfólk sinnar deildar. Það hefur gefist vel og verður því haldið áfram næskomandi skólaár. Farið er yfir ákveðna punkta um samskipti, líðan og árangur í starfi. Deildarstjórar taka niðurstöður og vinna strax að úrbótum ef þörf er á.

7.3 Mat á námi og velferð barna

7.3.1 Nám og þroski barna metin

Foreldraviðtöl eru tvisvar á ári og gefst foreldrum tækifæri til að koma að skipulagi skólastarfsins. Foreldrar geta einnig óskað eftir að hitta starfsfólk utan skipulagðra foreldraviðtala. Fyrir foreldraviðtöl fara fram skráningar á líðan og þroska barna í leikskólanum. En framfarir í þroska barna eru metnar með skipulögðum hætti í gegnum alla leikskólagöngu þeirra og eru niðurstöðurnar notaðar til að bæta skipulag og aðferðafræði leikskólans. Við leikskólann starfa talmeinafræðingur og sérkennari sem aðstoða við og útfæra mat á þroska barna ef um frávík er að ræða. Dæmi um tæki til að meta þroska barna eru; Hljóm-2, Íslenski þroskalistinn, Íslenski smábarnalistinn, Orðaskil, TRAS og þroskali sem útbúinn hefur verið í leikskólanum til að skoða alhliða þroska barna.

Við athugun á þroska, námi og velferð barna er lögð áhersla á að skoða:

- Ahliða þroska
- Sjálfstæði
- Áhugasvið
- Þátttöku í leik úti og inni
- Félagsfærni og samkennd
- Frumkvæði og sköpunarkraft
- Tjáningu og samskipti

Þessir þættir eru lagðir til grundvallar í foreldraviðtölum. Foreldraviðtöl í vetur komu vel út. Almenn ánægja var meðal foreldra með skólastarfið og starfsfólkið, allir jákvæðir og þóttu börnin sín glöð. Eitt foreldri benti á starfsmannaveltu í vetur og kom með ábendingar til að gera betur sem voru strax settar til framkvæmda.

Ákveðið var vegna dræmrar þátttöku í kynningardögum að hausti fyrir foreldra að fara yfir það sem við höfum kynnt á dögnum í fyrra foreldraviðtali að hausti. Það gefst vel og verður áfram þannig á komandi skólaári.

Í leikskólanum á hvert barn sína ferilmöppu þar sem safnað er saman verkum, verkefnum, ljósmyndaskráningum, námsgögnum og því sem hægt er að nota við mat á þroska, námi og velferð.

Börnin fá einnig að velja annað sem þau vilja e.t.v. bæta í þeirra ferilmöppur. Við lok leikskólagöngu fær hvert barn sína ferilmöppu afhenta til eignar.

Leikskólinn á fulltrúa í nemendaverndarráði þar sem málefni einstakra barna eru rædd ef um frávik í þroska, félagslegu umhverfi eða líðan er að ræða.

Sérkennari kemur í leikskólann einu sinni í viku og hjálpar til við skimun og sinnir þeim börnum sem þurfa á sérstuðningi að halda. Mestur af þeim stuðningi snýr að málörvun einstakra barna. Sérkennari sinnir einnig ráðgjöf til starfsmanna og foreldra og er skólastjóra innan handar við skipulagningu sérstuðnings. Sérkennari skilar skýrslu til skólastjóra.

Talmeinafræðingur kemur í leikskólann um það bil einu sinni í mánuði og sinni greiningu, ráðgjöf, íhlutun og eftirfylgni. Nokkur börn hafa þurft á þjálfun að halda í vetur og hafa starfsmenn sinnt þjálfun undir handleiðslu talmeinafræðings utan þess tíma sem hann kemur í leikskólann.

7.3.2 Mat barna á skólastarfinu og líðan þeirra

Broskarlamat var lagt fyrir elsta og næstelsta árganginn í leikskólanum, eða í heild 14 börn. Matið fór fram í desember 2017 - janúar 2018. Það kom sterklega fram að börnunum líður mjög vel í leikskólanum, líður vel í útiveru sem er gott að sjá þar sem það er stór partur af þeirra leikskóladvöl útivera. Einnig kom vel fram að börnunum finnst maturinn mjög góður. Hluta barnanna (4/14) líður ekki vel í hópastarfi og lestrarstundum. Það þarf að ræða það í hópunum og finna leiðir til að bæta líðan barnanna í þessum stundum.

Börnunum finnst þau vera lengi í leikskólanum, sem er samræmi við dvalarstundir, en meðaltal dvalarstunda þeirra í leikskólanum eru 7,7 klst.

Börnin vilja að mamma og pabbi komi í heimsóknir í leikskólann en þau skiptast alveg í tvennt hvort þau haldi að mamma og pabbi viti hvað þau geri í leikskólanum.

Börnin voru spurð hvað þau væru góð í, hvað væri erfitt annars vegar og létt hins vegar. Börnunum finnst ólíkir hlutir erfiðir, það sem sumum þykir auðvelt þykir öðrum létt. Það kom einnig fyrir að þeim þættu sömu hlutir bæði erfiðir og léttir. Ekkert kom fram í svörum þeirra sem hafa þarf áhyggjur af eða gera eitthvað í.

Börnin eru öll sammála um að allir séu vinir á deildinni og það eiga allir einhverja vini á deildinni.

Til úrbóta: Finna ástæður þess að það líður ekki öllum vel í hópastarfi og lestrarstundum og finna leiðir til að bæta líðan barna á þessum tímum.

7.4 Grænfánaverkefni

Í ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar má finna skýrslu um umhverfismennt í Skýjaborg.

Hér fyrir neðan er aðgerðaráætlun Grænfánans 2017-2019.

Aðgerðaáætlun Grænfánans 2017-2019, leikskólinn Skýjaborg

Dagsetning: Janúar 2018. Endurskipulagt apríl 2018
Umhverfisnefnd: Allir starfsmenn leikskóla

Þema	Markmið	Aðgerðir/leiðir	Ábyrgir aðilar	Efni/Áhöld	Tímarammi	Árangursmat
Neysla og úrgangur	1. Takmarka úrgang frá skóla	a. Halda utan um magn úrgangs b. Fá Einarabúð í lið með okkur fá fjölnota kassa undir vörur frá þeim því maturinn þaðan hefur komið í pappakössum hingað til sem við þurfum svo að henda. c. Fækka ruslatunnum undir almennt rusl. d. Endurvinnna pappír	Skólastjóri Matráðurur og leikskólastjóri í samráði við Einarabúð Leikskólastjóri og deildarstjórar Deildarstjórar	Finna og skrá tölur á úrgangi Fjölnota kassar. pappír úr pappírstætara, dagblaðapappír (engin dagblöð koma hingað inn, svo hér erum við að takmarka úrgang frá öðrum), vatn, náttúrulegur efniviður s.s. Laufblöð, ber, strá, lyng.	Sept 2017 - maí 2019 Jan 2018 - maí 2019 jan 2018 - maí 2019 maí - Sept 2018	Kanna hvort magnið minnki. Hvernig tekur Einarabúð í þetta verkefni? Hvernig gengur að nota fjölnota kassa í stað pappakassa? Hvað eru margar ruslatunnur í húsinu? Hvar má fækka ruslatunnum? Var gerður pappír? Hvernig var hann nýttur?
Neysla og úrgangur	2. Að auka vitund barna og starfsfólks á úrgangi	a. Lífrænn úrgangur látinn rotna s.s. Bananahýði o.fl sett í mold. Jafnvel plast og pappa með.	Deildarstjóri Regnboga	Lífrænn og ólífrænn úrgangur. Fata. Mold. Skófla.	Maí - Sept 2018	Skráningar með börnunum. Hvað verður um úrganginn? Hvað lærðum við af þessu?

Neysla og úrgangur	3. Minnka plastnotkun enn frekar	a. Halda áfram að sauma og nota fjölnota poka undir óhrein fót frá börnunum. b. Fá Einarabúð í lið með okkur og fá ávexti frá þeim í fjölnota pokum. c. Setja snýtibréf í maíspoka og lífrænu tunnuna. d. Draga úr plöstun upplýsinga / verkefna.	Allir starfsmenn Matráðurur og leikskólastjóri Deildarstjórar og aðrir starfsmenn Allir starfsmenn	Ónýtir bolir heimanað frá börnunum og starfsfólki Fjölnota pokar Litlar tunnur inn á hvora deild / í fataherbergi	Framvegis Jan 2018 - maí 2019 Jan 2018 - maí 2019 apríl 2018 - maí 2019	Eru óhrein fót eitthvað að fara heim í plastpoka? Ástæða. Hvernig gengur að nota fjölnota poka undir ávexti? Hvernig gengur að hafa tunnur með maíspokum inni á deildum? Er einungis plastað það sem mun allavega standa allt skólaárið?
Öll þemu	4. Fara eftir mánaðartengda gátlistanum	a. Hafa gátlistann sýnilegan og skipuleggja hvenær farið verður í hugmyndir á listanum í hverjum mánuði fyrir sig.	Leikskólastjóri og deildarstjórar	Mánaðartengdi gátlistinn	sept 2017 - maí 2019	Hvað gerðum við og hvað ekki?
Áttthagar og landslag	5. Auka vitund barna á nærumhverfi	a. Búa til kort af nærumhverfi og setja inn örnefni b. Fara reglulega í göngutúra og ræða örnefni sem við sjáum frá nærumhverfi leikskólans	deildarstjórar Allir starfsmenn	Kort. Ípad?	jan 2018 - jan 2019 Jan 2018 - maí 2019	Kortið tilbúið Skrá þegar við förum í göngutúra? Eða Meta á deildarfundum göngutúra og hvað við ræðum? Hvaða örnefni þekkja börnin?

Neysla og úrgangur	6. Að börnin þekki hugtakið matarsóun og hvernig hægt er að takmarka matarsóun sem best.	a. Kanna hvað börnin vita um matarsóun, skrá niðurstöður b. Ræða við börnin um hvað fellst í hugtakinu matarsóun c. Börnin mæla eina viku á hvorri önn hvað mikið af mat er sóað í skólanum, skrá niðurstöður. 1. börnin mæla hvða mikið fer til spillis við borðhaldið, fer í ruslið. 2. Börnin skoða hvða verður matinn sem er eftir í lok máltíðar. d. Börnin ræða og finna leiðir til að koma í veg fyrir matarsóun, skrá niðurstöður.	Deildarstjórar og aðrir starfsmenn deilda	Vigt. Blað. Blýantur	Október 2018 - maí 2019	Umræður sem miða að því að kanna hvort: - Börnin þekki hvað fellst í hugtakinu matarsóun. - Börnin þekki leiðir til að koma í veg fyrir matarsóun. - Hvað sýndu mælingar. Hefur matarsóun minnkað?
--------------------	--	---	---	----------------------	-------------------------	--

7.5 Mat á skólaárinu 2017-2018

Allt starfsfólk tók þátt í mati á skólastarfi eins og venja er. Matið fór fram á skipulagsdegi 23. apríl 2018. Starfsfólk fór saman yfir spurningarnar á starfsmannafundi.

Þetta skólaár einkenndist af miklum veikindum á starfsfólki. Eftir áramót varð töluverð starfsmannavelta. Það fór mikil vinna í að koma nýju starfsfólki inn í starfið, á sama tíma og flensutímabilið var sem mest svo það jók á álag starfsmanna. Vegna veikinda starfsmanna fækkaði skiptum sem börnin fóru út fyrir skólalóðina, en þeim fjölgaði aftur þegar fór að vora.

Deildarugl var sett á mánaðarlega vegna vinsælda meðal barna og hefur það gengið vel og hefur verið jafnvel oftar en mánaðarlega. Það gekk hægt að koma á fót markmiðum fyrir nýjan grænfána en það tókst í lok skólaársins og er komið flott aðgerðarplan fyrir næsta árið. Í fyrsta skiptið í mörg ár erum við lenda í veðri sem við þorum ekki að senda yngstu börnin út í. Þó nokkrir dagar komu í vetur sem við höldum yngstu börnunum inni vegna mikilla frosta.

Skipulagsdagar voru vel nýttir í skipulagningu starfs, námskeið og fundi. Sjá má hér fyrir ofan undir símenntun hvaða námskeið starfsfólk fór á. Skólastjórnin óskaði eftir hjá Fræðslu- og skólanefnd að fá aukna fjárheimild fyrir sameiginlega fagfundi og fékk hún einn fund sem haldinn var í apríl, lesa má nánar um hann í ársskýrslu Leik- og grunnskóla Hvalfjarðarsveitar. Jógastarfið var með svipuðu sniði og síðasta skólaár, en ekki hefur farið þróun á skipulagi í kringum það.

Vinna við gagnabanka / viðburðarbók er enn á frumstigi og þeirri vinnu verður haldið áfram næsta vetur.

Skólasamstarfið var með svipuðu sniði og í fyrra. Þó var ekki verkefnastjóri yfir því þetta árið. Börnin fengu þó áfram að velja hvað þau vildu gera í hverri skólaheimsókn.

Nú hafa ný persónuverndarlög tekið í gildi og því getum við ekki lengur haldið úti facebook síðum eins og við höfum gert í vetur. Við þurfum því í upphafi næsta skólaárs að skoða hvernig mentor gagnast við myndræna skráningar til foreldra.

Í vetur voru miklar umræður innan fræðslu- og skólanefndar um tillögur að aðgerðum til að bæta starfsaðstæður í Skýjaborg og fjölga leikskólakennurum. Í vor voru samþykktar spennandi breytingar vonandi til betri vegar. Stytting vinnuvikunnar fyrir starfsfólk, hækkun barngilda á 4 og 5 ára börnum og aukning á undirbúningstímum hjá deildarstjórum og leikskólakennurum. Stytting vinnuvikunnar gæti hjálpað til í fækkun veikindadaga og álagi á starfsfólki sem einkenndi skólaárið.

7.6 Aðrir matsþættir

Í vetur fór fram ytra mat á vegum Fræðslu- og skólanefndar. Annars vegar starfsmannakönnun og hins vegar viðhorfskönnun. Niðurstöður kannananna má finna á heimasíðu Hvalfjarðarsveitar. Tillögur til úrbóta eru teknar inn í umbótaætlun fyrir komandi skólaár, ef þær hafa ekki þegar verið teknar til framkvæmda.

Í lok apríl fór einnig fram ytra mat á vegum Menntamálastofnunar fyrir mennta- og menningarmálaráðuneytið. Niðurstöður eru ekki komnar, en von er á þeim í ágúst/september. Tillögum til úrbóta verður bætt inn í umbótaáætlun eftir að þær berast.

8. Umbótaáætlun 2018-2019

Út frá niðurstöðum á mati skólans er gerð umbótaáætlun fyrir næsta skólaár.

Á starfsmannafundum/dögum:

- Fræðsla um barnavernd og tilkynningarskyldu fyrir starfsfólk.
- Kynning á kjarasamningum.
- Kynning á opnum efnivið.
- Listnámskeið – sem tengist náttúru og endurnýtingu. Ef möguleiki er að finna slíkt námskeið.
- Fræðsla um einingakubba (úr síðustu umbótaáætlun, tókst ekki að uppfylla).

Stjórnendur:

- Auka úrval af grænmeti og ávöxtum, sérstaklega ferkst grænmeti. Minnka niðursuðuvörur.
- Skoða og bæta mat á föstudögum, oft miklir brauð dagar.
- Leiðbeinendur – fá smá undirbúning ef þeir eru með hóp.
- Starfsfólk fái handbók starfsmanna, allar áætlanir og starfslýsingar sent 1x á ári (Er gert að hausti, en e.t.v. ekki allar áætlanir).
- Passa upp á aðlögun barna á miðjum vetri – skoða vel starfsmannastöðu fram í tímann.
- Töluleg einkunn í starfsmannasamtölum – óþarfi eða ekki? Umræður sköpuðust við síðustu starfsmannasamtöl.
- Auka stuðning við starfsmenn í starfi.
- Vinna að fjölgun leikskólakennara áfram.
- Vinna áfram að gerð gagnabanka/viðburðarbók til að fletta upp í á milli ára.

Deildarstjórar/starfsfólk:

- Hafa myndræn skilaboð um óþol/ofnæmi á veggjum.
- Starfsfólk er með börnum í leik á gólfi jafnt sem á borðum.
- Láta börnin aldrei finna fyrir því að þeim vanti aukaföt/útiföt. Ræða beint við foreldra.
- Undirbúa hópastarf þannig að afleysing geti gengið í eitthvað ákveðið verkefni.
- Ræða við börnin um líðan þeirra í hópastarfi og lestrarstundum og finna leiðir til að bæta líðan þeirra á þessum stundum stundum.
- Veita foreldrum reglulega/oftar upplýsingar um líðan barna og framfarir.
- Passa upp á að taka vel á móti hverju og einu barni og fjölskyldu þess.

Eftirfarandi sett á viðhaldsþarfalista:

- Vaskur í hæð fullorðinna inn á Regnboga-salerni.
- Tvö mjög völt borð (eitt á hvorri deild). Skipta þeim út eða lagfæra.
- Ný eldavél (á viðhaldsáætlun f. 2018).
- Stærri hrærivél.

9. Sjálfsmatsáætlun fyrir skólaárið 2018-2019

Við sjálfsmat í leikskólanum er notast við matstækið “Barnið í brennidepli” og farið er yfir nokkra árangursvísa á ári. Á líðandi skólaári var farið yfir lykilþætti 4 sem snéri að stuðning við börn og fjölskyldur. Næsta vetur er áætlað að klára yfirferð árangursvísa og skoða lykilþátt 7 sem snýr að stjórnun, ásamt því að byrja aðra yfirferð á árangursvísunum. Í nýrri yfirferð verður byrjað á lykilþáttum 1 og 2.

Áherslur í sjálfsmati verða eftirfarandi:

Lykilþáttur 7: Stjórnun

Árangursvísir 7.1 Sjálfsmat

Árangursvísir 7.2 Markmið og stefnumörkun

Árangursvísir 7.3 Áætlun til aukins árangurs

Árangursvísir 7.4 Stjórnandinn

Árangursvísir 7.5 Virkni starfsfólks

Lykilþáttur 1: Námskrá

Árangursvísir 1.1 Uppbygging námskrár

Árangursvísir 1.2 Gæði áætlana

Árangursvísir 1.3 Gæði dagskipulags

Lykilþáttur 2: Þroski og framfarir barna

Árangursvísir 2.1 Framfarir barnanna í þroska og námi

Stefnt er að því að allt starfsfólk taki þátt í mati á leikskólastarfi á starfsmannafundum eða deildarfundum eftir því sem við á. Tekin er hluti af síðasta skipulagsdegi vetrarins þar sem mat er klárað.

Árlega er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Kynning á leikskólastarfi vetrarins fyrir foreldra að hausti.
- Foreldraviðtöl tvisvar yfir skólaárið – helstu niðurstöður teknar saman.
- Leiðbeiningasamtöl á milli deildarstjóra og starfsmanna.
- Starfsmannasamtöl – helstu niðurstöður teknar saman.
- Starfsáætlun.
- Símenntunaráætlun starfsmanna.
- Gátlisti Grænánaverkefnisins. Sem verður með öðru sniði í fyrsta skipti þetta skólaárið, þar sem gátlistinn er nú fyrir börnin en ekki starfsfólkið.
- Mat barna á skólastarfinu.

Annað hvert ár er lagt upp með eftirfarandi matsþætti:

- Starfsmannakönnun – Fræðslu- og skólanefnd.

- Viðhorfskönnun meðal foreldra – Fræðslu- og skólanefnd.
- Umsókn um Grænfána.

Sjálfsmatsaáætlun á barni í brennidepli 2018-2021

2018-2019	2019-2020	2020-2021
Lykilþáttur 7	Lykilþáttur 3	Lykilþáttur 5
Lykilþáttur 1	Lykilþáttur4	Lykilþáttur 6
Lykilþáttur 2		

10. Símenntunaráætlun 2018-2019

Símenntunaráætlun er liður í því að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið og er hún gerð með hliðsjón af umbótaáætlun, áherslum, styrkleikum og veikleikum leikskólans og starfsþróunarsamtölum.

Leikskólastjóri er ábyrgur fyrir framkvæmd og úrvinnslu símenntunaráætlunar leikskólans. Starfsfólk er ábyrgt fyrir eigin símenntun, þ.e. greina þarfir sínar, hafa frumkvæði að fræðslu og efla starfsþroska sinn. Tími til símenntunar ræðst af þörfum og fjármagni hverju sinni.

Við mótun símenntunaráætlunar er unnið samkvæmt verkferli sem greint er frá í skólanámskrá.

Yfirlit yfir símenntun 2018-2019

Skipulagsdagar eru 6 á skólaárinu, þar af er einn sameiginlegur og einn tekinn í tvennt. Dagarnir nýtast í faglega umræðu, námskeið, fyrirlestra, vinnu við áætlanagerðir, starfsmannafundi og deildarfundi.

Skipulagsdagar:

15. ágúst: Skyndihjálp 4 klst. námskeið. Persónuverndarmál v. nýrrar löggjafar.

14. september: Starfsmannafundur: Farið yfir starfsáætlun og umbótaáætlanir, einnig verður farið yfir aðrar áætlanir sem gott er að rifja upp á hverju hausti og undirbúning vetrarstarfs. Karellen námskeið. Deildarfundir.

17. október, lokað frá kl. 12:00: Deildarfundir: Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl.

2. janúar: Starfsmannafundur. Deildarfundir. Barnavernd fræðsla. Einingakubbar fræðsla.

27. febrúar, lokað frá kl. 12:00: Starfsmannafundur. Deildarfundir.

21. mars: Deildarfundir: Undirbúningur fyrir foreldraviðtöl. Starfsmannafundur. Námskeið: MIO skimunarefni í stærðfræði.

17. apríl: Innra mat á skólastarfi, sjá sjálfsmatsáætlun. Starfsmannafundur. Deildarfundir.

Önnur fræðsla (t.d. námsferðir, ráðstefnur og þing):

Starfsfólki verður gefinn kostur á að sækja styttri námskeið, ráðstefnur og málþing sem boðið verður uppá næsta skólaár, utan leikskólans.